

Samkeppni um útilistaverk í Fljótsdal

Listamaður:

Kolbeinn Ingi Arason

Hringrás orkunnar

Lýsing listamannsins á verkí sínu:

Undirstaða verksins er hringlaga hús úr steinsteypu. Þak hússins verði lagt ryðfríu stáli og myndi vatnsþró með viðeigandi niðurföllum til að safna saman vatninu til endurnýtingar. Í miðri þrónni verði glerkúpull og undir honum ljósabúnaður sem lýsi upp miðju spíralsins sem ofan á rís.

Að utan geri ég ráð fyrir að húsið verði klætt með náttúrusteini, helst niðursöguðu bergi úr fjallinu fyrir ofan virkjunina eða innan úr því.

Upp úr undirstöðunni á að rísa einskonar borði úr ryðfríu stáli og skal hann mynda einn og hálfan hring eins og spírall en í endann brettast upp og beygir innri brún spíralsins inn á við og upp.

Efst sveigist síðan innri brún borðans inn og snertir miðju spíralsins og verður þar eins konar sturtuhús, þar sem vatn rennur niður miðju verksins og skal vatnið buna og ýrast ofan á ljósið sem lýsir upp um miðju spíralsins.

Efst á spíralnum skal ytri brún verksins á sama bili sveigjast inn að miðju og mynda úr borðanum eins konar líkingu við kertaljós yfir miðju spíralsins. Ljósleiðari verður notaður til að koma ljósi upp í kant kertaljóssins og ljósleiðarinn lagður ásamt vatnslógninni inn í spírallinn.

Þessi borði á að minna á bæði gróft ganganna í gegnum fjallið svo og að borinn sé að ryðjast upp úr yfirborði jarðar. Vatnið á, á sinn hátt, að minna á vatnið sem um göngin rennur og ljósið á orkuna sem verður til. Einnig á spírallinn að minna á snúning hverflanna sem snúast undan þrýstingi vatnsins sem á þá fellur og framleiða nýtanlega orku.

